

## Fegurð veraldar mun hverfa

Fróður beiða mig réð maður  
mærð framreiða sinnis glaður;  
Fjöltnis veiða fengurinn hraður  
fer þó tregur róms um göng.

*Heyrði' eg fagran fuglasöng.*

Við málið greiða stend ég staður  
stökurnar mjúkt að smíða.

*Ekki reikaði hugur minn þá víða.*

Sá ég mörk af vildisverkum;  
vafin börk á skógi merkum  
ein var björk með ilmi sterkum,  
aldins fegurst veitti föng.

*Heyrði' eg fagran fuglasöng.*

Mektar örk á munni' og kverkum  
miðla smekknunum blíða

*Ekki reikaði hugur minn þá víða.*

Fuglar sveima' í fögrum ljóma,  
fögnuð geyma' og söngva róma;  
í garði þeim má heyra hljóma,  
hljóðin lystug mikil og löng.

*Heyrði' eg fagran fuglasöng.*

Alls kyns seima beztan blóma  
ber sú mörkin fríða.

*Ekki reikaði hugur minn þá víða.*

Limið nýtt með laufum þéttum  
leiftrar blítt á kvistum sléttum,  
blakar títt með blóma settum,  
blaktir mjúkt á hverri stöng.

*Heyrði' eg fagran fuglasöng.*

Glansar frítt með gylltum blettum,  
geislar fagrir bíða.

*Ekki reikaði hugur minn þá víða.*

Ég nam standa, og því undi,  
öllum vanda firrtur mundi,  
allrahanda fagnaðarfundi  
fangin þóttist hyggjan röng.

*Heyrði' eg fagran fuglasöng.*

Sárum anda síðan stundi,  
sú nam gleðin líða.

*Ekki reikaði hugur minn þá víða.*

Vindar furðuhastir hrærðust,  
Hræsvelgs burðum allir nærðust,  
blómstur í þurrðu flestöll færðust,  
féllu lauf af eikar spöng.

*Heyrði' eg fagran fuglasöng.*

Fölar urðu, sölnaðar særðust,  
sérhver þöllin hlíða.

*Ekki reikaði hugur minn þá víða.*

Fuglar sungu lystugt lengi  
ljúfri tungu sælu gengi,  
harma sprungu frá ég fengi,  
ferðin gerðist mikil og löng.

*Heyrði' eg fagran fuglasöng.*

Í frosti þungu fannst þá engi,  
fegnir í hylming skríða.

*Ekki reikaði hugur minn þá víða.*

Allur skógur er fallinn fagur,  
fölnaður plógur, en sorgar slagur  
eflaust nógur, hrörnar hagur,  
horfin gervöll lysta föng.

*Heyrði' eg fagran fuglasöng.*

Vaknar rógur, dvínar dagur,  
dýr og fuglar kvíða.

*Ekki reikaði hugur minn þá víða.*

Veraldar prýði' og glylsleg gæði  
get ég líði' og fölni bæði,  
glaumurinn fríði' og fegurðar æði  
flýr í svip um leynigöng.

*Heyrði' eg fagran fuglasöng.*

Líf með stríði' á lausum þræði  
leikur og öll þess blíða.

*Ekki reikaði hugur minn þá víða.*

Siglukarfi Hleiðólfs hverfi,  
hafði' hinn djarfi minnst atgervi;  
fékk í starfi af Friggjar erfi  
fararspell með hverri röng.

*Heyrði' eg fagran fuglasöng.*

Gyllings arfinn skenkti af skerfi  
Skírnis drykkinn þýða.

*Ekki reikaði hugur minn þá víða.*